

Nd. 521. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [206. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

(Eftir 2. umr. í Nd., 8. mars.)

Samhljóða þskj. 367 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

33. gr. orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri, þegar kosning fer fram, og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningarréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.

Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í kosningalögum.